

Stofnfiskur hf.
Ella Kristín Geirsdóttir
Staðarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. september 2020
UST202003-321/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – Stofnfiskur hf. - Vogavík á Vatnsleysuströnd

Þann 3.7.2020 fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Stofnfisks hf. í Vogavík á Vatnsleysuströnd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik fannst í eftirliti sem snýr að umfangi reksturs sem er umfram heimild á árunum 2018 og 2019. Eldra frávik snýr að umfangi ársins 2017.

Ein ábending var gerð og snýr hún að skráningu olúgeyma. Upplýsingar um olúgeyma bárust þann 13. júlí sl.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25.9.2020.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Stofnfiskur	Dags. eftirlits: 3. júlí 2020	Staðsetning stöðvar: Vogavík Vogum	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 620391 1079	Gildistími starfsleyfis: 17. mars 2022	Kvittun afhend: Já – 3. júlí 2020	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðsla er umfram 200 tonn á ári.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Stöðin er í umhverfismati. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til UST og undanþágu frá starfsleyfi til ráðuneytisins á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Góðar skráningar, gæðahandbók
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?	X			Ársyfirliti og niðurstöðum frá-rennslismælinga skilað 30. apríl 2020
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Skv. uppfærðu áhættumati er ekki talin þörf á viðbragðsáætlun skv. lögum 33/2004. Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar er til staðar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er neyðaráætlun til staðar?	X			
Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Vinna ekki eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Unnið er að uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfi móðurfyrirtækisins (Benchmark) og verður tekið upp hérlendis.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirkt fóðurkerfi sem fóðrar eftir vaxtarkúrvum.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?			X	Mælingar hafa verið gerðar í frárennslis. Rekstraraðili hefur reiknað út að miðað við 320 tonna framleiðslu þá losi stöðin 9,5 kg af fosfór / tonn af framleiddum fiski, en er líklega minna þar sem seiðastöðin endurnýtir vatn. 2019
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Hreinsun er á frárennslis sláturhúss og hröð vatnsskipti í fjörunni. Ekki varð vart við set eða útfellingar né aðra uppsöfnun við útfall.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerfi að viðtaka.	X			Frárennslis er í þremur hlutum. Hluti af frárennslis fer í settjörn (virkar ekki sem hreinsun í frárennslis) kog þaðan út í sjó. Meginhluti frárennslis eldihúsa fer hins vegar beint út í sjó.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).	X			Eru nálægt sjó. Eldishús eru í 50-100 m fjarlægð frá sjó og hús sem hýsir hrygnur í um 20 m fjarlægð frá sjó.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Náttúrustofa Suðvesturlands tók út efnamagn í lífverum í Vogavík og eins voru mæld bakgrunnsgildi í sjó og uppsöfnun þeirra í lífríki rannsökuð. Sink mældist frekar hátt í öllum stöðvum í Vogavík (um 130 mg/kg þurrvigt). Eins mældist króm nokkuð hátt. Mikið ferskvatnsstreymi kemur undan hrauninu og út í Vogavík. Ferskvatnsáhrif eru greinileg í fjöru og eins eru miklir sjávarstraumar á svæðinu.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer í fóðurgerð til Skinnfisks ehf. í Sandgerði. Sorp er ekki flokkað en fer til viðurkennds móttakanda. Spilliefni fara í spilliefnamóttöku. Kvittanir eru til staðar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Sjá ofar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?			X	Árlegar eða í samræmi við nýtt starfsleyfi sem unnið er að. Mælt er: COD Svifagnir (TSS) N total P total Ammoniak

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi komu fram við eftirlit 2018. Ein ábending var gerð er varðaði mælingar í frárennsli.

Öðru frávikinu (2018) er enn ólokið. Snýr að umfangi í stöðinni árið 2017.

Umhverfisstofnun samþykkti þann 24. maí 2019 úrbótaáætlun rekstraraðila sem nýr að umfangi fyrir árið 2017, og fram kom að eftirfylgni með frávikinu myndi ekki fara fram á meðan matsskyldufyrirspurnin væri til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.


Rekstraraðili sótti, þann 26. nóvember 2019 um nýtt (stærra) starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og var umsóknin samþykkt fullnægjandi þann 24. júní sl.

Rekstraraðili sótti jafnframt, þann 18. júní sl., um undanþágu ráðuneytis frá starfsleyfi en svör UAR hafa enn ekki borist.

Skipulagsstofnun féllst þann 6. júní sl. á tillögu að matsáætlun vegna stækkunar á fiskeldisstöðinni en kom fram með 5 athugasemdir við tillöguna.

Samantekt:	<p>Sest var á fund með fulltrúum rekstraraðila, Ellu Kristínu Geirsdóttur, Julia S. Morozova og Hreiðar Hreiðarssyni.</p> <p>Fulltrúar rekstraraðila kynntu reksturinn í Vogavík, tekin staða á frávikum og ábendingum síðustu ára. Farið yfir umhverfiskröfur sem gerðar eru til fiskeldisfyrirtækja um framlagðar áætlanir, skráningar, skýrslur og ársyfirlit, mælingar, losunarmörk í frárennsli og tilkynningar.</p> <p>Kynnt var áhættumat sem leggja á til grundvallar þegar tíðni eftirlita er ákvörðuð. Áhersluverkefni ársins um skráningu olíugeyma á landinu var kynnt.</p> <p>Fari var í skoðun á stöðinni og var flestu vel fyrir komið og samræmi við kröfur til starfseminnar. Hreinsun í frárennsli hefur verið bætt.</p> <p>Enn er umfang starfseminnar umfram heimildir og telst það frávik.</p>
-------------------	---

Annað:	<p>Rekstraraðila var afhent excel-skjal til útfyllingar vegna olíugeyma sem eru í notkun í stöðinni. Útfyllt skjal barst stofnuninni 13. júlí sl.</p>
---------------	---



Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur hf. Vogavík



Dags eftirlits	3.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stofnfiskur hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vogavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hreiðar Hreiðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti. Umfang áranna 2018 og 2019 var umfram heimild. Eitt eldra frávik er enn opið en það snýr að umfangi eldis á árinu 2017.

Ein ábending er gerð er varðar skráningar á olúgeymum til samræmis við reglugerð nr. 884/2017.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið í Vogavík fór fram 3. júlí sl. og fólst í skoðun á aðstöðunni og fundi þar sem farið var yfir eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur fráviks og ábendinga
- Kröfur til fiskeldisfyrirtækja – kröfur í starfsleyfum
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Fulltrúar Stofnfisks ehf. voru Ella Kristín Geirsdóttir, Júlía S. Morozova, Hreiðar Hreiðarsson og Davíð Harðarson. Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Gildandi starfsleyfi Stofnfisks í Vogavík er fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu og gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Leyfið gildir til 17. mars 2022. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar gildir til 4. mars 2021.

Stofnfiskur í Vogavík hefur starfað síðan 2005 við ræktun og kynbætur á laxi. Framleiðsluvaran er laxahrogn og er framleitt bæði fyrir innanlands og erlendan markað. 23 starfsmenn eru í Vogavík.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista um niðurstöður eftirlitssins.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Starfsleyfi sem byggir á starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi með losun í sjó má að hámark vera með umfang samtals 200 tonn. Umfang eldisins í Vogavík árin 2018 og 2019 var umfram það magn.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var beðinn um að skrá olúgeyma sem notaðir eru á staðnum og senda Umhverfisstofnun umbeðnar upplýsingar.

Upplýsingar um olúgeyma bárust 13. júlí sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.09.2020

Gottskálk Friðgeirsson